

## Fundargerð 7. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði miðvikudaginn 28. janúar kl 13.00 – 15.00 hjá Verkfræðistofunni í Eflu, Höfðabakka 9, Reykjavík.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Björn Óli Hauksson (BÓH), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Kári Gunnlaugsson (KG), Hildur Reykdal (HR), Pétur K. Maack (PKM), Auður Lilja Arnþórsdóttir (ALA), Haraldur Briem (HB) og Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem fundarritari.

Fjarverandi: Jón Pétur Jónsson (JPJ), Sigríður Björk Guðjónsdóttir (SBG)

### Dagskrá fundarins:

1. Dagskrá.
2. Fundargerðir síðustu tveggja funda.
3. Flugvirkaráætlun fyrir 2015 tekin til samþykktar.
4. Einstakir fulltrúar gera grein fyrir stöðu verkefna innan flugvirkaráætlunar fyrir árið 2015.
5. Staðan varðandi e-bólu.
6. Næsti fundur.
7. Önnur mál.
8. Kynning á fram komnum tillögum í hönnunarsamkeppni um mótun Masterplan 2015-2040 fyrir Keflavíkurflugvöll.

Samþykkt var að breyta dagskrá á þann veg að fundarmenn byrjuðu á lið 8 Kynningu á Masterplani 2015-2040 fyrir Keflavíkurflugvöll.

Eftir kynningu á Masterplani hófst formlegur fundur flugvirkarráðs og var FS fundarstjóri.

1. Dagskrá fundarins var lögð fyrir og samþykkt.
2. Fundargerðir síðustu tveggja funda voru samþykktar
3. Flugvirkaráætlun fyrir 2015 samþykkt með þeim breytingum að í þriðja kafla áætlunarinnar bættist við setningin „Listi yfir félaga flugvirkarráðs uppfærast sjálfkrafa þegar breytingar verða þar á án sérstakrar samþykktar ráðsins.“ Og í verkefna- og vinnuáætlun bættist við verkefnið: „Samráð við hagsmunaaðila“ en eftir fund með flugrekendum er ljóst að festa þarf formlegt samráðsferli í sessi.
4. Verkefni:  
Farið var formlega yfir verkefni á verkefnalista og könnuð staða þeirra.

Varðandi verkefni Þjóðskrár Íslands/IRR um framlengingu rafrænna vegabréfa var upplýst að IRR hefur ráðstafað fjármagni fyrir SAK og greiningar á SPOK.

Varðandi verkefni tengdum innleiðingu og afstöðu gagnvart breytingatillögum ICAO 23 og 24 mun SGS heimsækja aðila til að fá frekari upplýsingar, jafnframt til að fá upplýsingar vegna spurningalista ECAC um hlutverkaskipan v. farþegalista og lífsýnaskilríkja. SGS mun senda aftur gögn um breytingartillögur ICAO til Þjóðskrár og Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Varðandi verkefni „flugvirkt í neyðartilfellum“. HB upplýsti að umræða um aðstöðu til nota í neyðartilfellumværi í vinnslu milli Landlæknis og Isavia.

5. Staðan varðandi E-bólu  
HB upplýsti að ekkert nýtt væri títt en enn gætu komið upp vandamál. Hægt hefur á útbreiðslu – unnið við verkferla í KEF, æfing er áætluð í mars.
6. Ákveðið var að næsti fundur yrði 28. apríl kl. 1300 í Keflavík
7. Önnur mál

**- Erindi Ícelandair vegna vegabréfaskoðana.**

PKM skýrði afstöðu sína sem er að hann telur að að framkvæmdin eins og hún er í dag tefji flugvirkt en það sé vandi að ráðuneytið sé þegar búið að svara erindi er því barst sérstaklega frá Ícelandair. Flugvirkarráð eigi samt að beina því til viðkomandi yfirvalda að taka á málinu og að gætt verði jafnræðis milli flugrekanda. Samþykkt.

HSS sagði að flugvirkarráð yrði að svara Ícelandair og upplýsa um móttöku og stöðu erindisins. Spurning hvaða áhrif breytt vástig í heiminum hefur á málið.

ÓHK taldi ljóst að mismunun eigi sér stað en kröfurnar eru ekki frá lögreglunni. Það sé ljóst að auknar kröfur verði vegna ISIS.

**- Aukin umferð um flugstöðina**

Almennar áhyggjur voru meðal flugvirkarráðsmanna vegna sumarsins þar sem ekki er gert ráð fyrir aukningu í framlögum miðað við fyrirhugaða aukningu í starfsemi. Ráðið hefur áður sent ráðherra bréf vegna þessa máls.

BÓH mun kynna farþegaspár á næsta fundi. Fjöldi farþega í febrúar 2014 var sá sami og í júní 2009.

ÓHK sagði frá breyttri flugáætlun hjá WOW sem mun byrja að fljúga kl. 03:00. Þetta kallar á næturvaktir starfsmanna.

FS sagði að það væri ljóst að tengja þurfi fjármuni við umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli.

8. Varðandi kynningu á Masterplani 2015-2040 fyrir Keflavíkurflugvöll var ákveðið að félagar í flugvirkarráði sendu ritara ráðsins athugasemdir sínar sem kemur þeim á framfæri við Isavia.